



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

88. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 9. júní 1984.

Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinson, formaður skólanefndar, Halldór Guðmundsson, Eggert Ólafsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Þórður Ólafsson, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari og aðstoðarskólameistari skýrðu frá skólaslitum sem fram fóru í Grindavík 19. maí s.l., og fluttu yfirlit um skólastarfið á vorönn 1984.

Nemendur í dagskóla voru 524 og skiptust þannig:

Verknám í tré-málm-rafiðnum, hárggr.	78
Samningsbundið iðnnám	83
Flugliðar	21
Bóknámsbrautir	<u>342</u> = 524.

Í bóklegu námi í öldungadeild voru 125 nemendur, og í fata-saumi 37, eða samtals 162. Nemendur í dagskóla og öldunga-deildum voru þá alls 686 að tölu.

Kennarar voru alls 48, þar af 10 skipaðir, 21 settur og 17 stundakennarar. Að þessu sinni var ekki kennt í safnaðarheimili aðventista eins og á sl. haustönn. Að öðru leyti var kennslu-rými óbreytt frá haustönn.

Eftirtalin námskeið voru haldin á önninni:

- Í faggreinum málara, með 7 nemendum. Kennari Sævar Helgason.
- Í veiðarfæragerð, með 15 nemendum. Kennari Guðni Þorsteinsson.
- Í bóklegu til bifreiðaprófs í tengslum við umferðarráð; ennfremur símenntunarnámskeið um bílarafmagn. Kennt var í um 20 manna hópum. Þátttakendur voru 43 alls.
- Í skyndihjálpi með 30 nemendum.
- Í fundarskópum með 12 nemendum. Í framhaldi af þessu er unnið að því að halda á haustönn réttindanámskeið fyrir starfandi vélstjóra í samvinnu við Vélskóla Íslands og Vélstjórafélag Suðurnesja.

Á vorönn var af hálfu skólans unnið að því að koma á tölvu-
notkun og kennslu í skólum á Suðurnesjum í samvinnu við
sveitarfélög, sbr. fyrri fundargerðir.

Fjárhagur skólans til rekstrar á önninni var þröngur, sem
fyrst og fremst stafar af tregri og seinni þátttöku eins af
rekstraraðilum skólans.

Að þessu sinni, þ.e. vorönn 1984, brautskráðust 55 nemendur,
32 karlar og 23 konur, og skiptust þannig eftir byggðarlögum:

Úr Gerðahreppi	2
" Grindavík	7
" Keflavík	28
" Miðneshreppi	4
" Njarðvík	11
Utan svæðis	3

Eftir fögum er skipting þannig: 2 í tækniteiknun, 13 af tveggja
ára námsbrautum, aðallega viðskiptabraut, 17 iðnnemar, 23
stúdentar.

2. Ráðningar:

Skv. lögum þurfti að auglýsa lausa stöðu aðstoðarskóla-
meistara, en starfinu hefur gegnt frá upphafi Ingólfur
Halldórsson. Skólanefnd mælti með umsókn hans í starfið. Vísað
að öðru leyti til bráðabirgðabreytingar á embættum þeirra
Ingólfs og Hjálmars Árnasonar á haustönn sem staðfest hefur
verið af menntamálaráðuneytinu.

Nokkrar breytingar verða á kennaraliði skólans.

Endurráðningar óskuðu ekki: Héðinn Skarphéðinsson, Haukur Jóns-
son, Sigrún Oddsdóttir, Anna Lea Björnsdóttir (vegna ársorlofs),
Sigríður Bílddal vegna sama. Breytingar verða og á starfshlut-
falli og kennsluskyldu þeirra Gizurar Í. Helgasonar, úr heilu
starfi í hálft, og Hjálmars Árnasonar, sbr. framanritað. Umsóknir
bárust til menntamálaráðuneytis um ný- eða endurráðningar frá
35 aðilum. Skólanefnd mælti á fundinum með ráðningu eftirtal-
inna kennara:

Til eins árs í heila stöðu: Björn E. Baldursson

a) Endurráðningar	Gunnar Þórarinsson
	Helgi Eiríksson
	Jón A. Valdimarsson
	Magnús Ó. Ingvarsson
	Maja Loebell

b) Nýráðningar:

Alda Jensdóttir
Björn L. Örvar
Erla Gunnarsdóttir
Hermann A. Bjarnason
Guðrún E. Sigurðardóttir
Gísli Torfason
Kristinn Kristjánsson
Ósa Knútsdóttir
Unnur Þorsteinsdóttir.

Til eins árs í hálfa stöðu: Baldur Sigurðsson

Cynthia Farrell
Helga Lára Guðmundsdóttir
Borgþór Arngrímsson
Stefán Ásgrímsson
Gunnar Bergmann - í stöðu bókavarðar

Til hálfs árs í heila stöðu: Sævar Reynisson.

Frestað var afgreiðslu á umsókn Björns Sturlaugssonar vegna trésmíðabrautar.

Formaður skólanefndar og Halldór Guðmundsson óskuðu greinargerðar um álit skólameistara á hverri umsókn áður en meðmælin voru afgreidd. Formaður benti og á að haga þyrfti ráðningu þannig að fjöldinn yrði innan ramma fjárlaga, og með hliðsjón af nemendafjölda. Meðmælin byggjast á menntun og kennsluréttindum, starfsreynslu og búsetu.

Um auglýst starf húsvarðar skólans sóttu 9 manns.

Samþykkt var að ráða Maríus Sigurjónsson í starfið. Bent var á að honum þyrfti að setja erindisbréf.

3. Málefni varðandi rafiðnabrautir:

Skólameistari skýrði fyrirætlanir um aukið nám í rafíðnum, m.a. 3ja ára nám í stað 2ja, og kennslu í veikstraumsgreinum. Að tilhlutan hans hafa m.a. rafmagnsverktakar og rafvirkjameistarar fjallað um málið, og héldu þeir fund 23. maí s.l., ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara. Niðurstaða þess fundar var þannig:

"Eðlilegt er að halda áfram framhaldskennslu í sterkstraum, en stefna að kennslu í veikstraum og sækja um það strax til ráðuneytis, koma því inn á fjárlög 1985, en byrja kennslu þegar leyfi eru fengin, fjármagn tryggt, og yfirvöld skólans

telja sig í stakk búin til að hefja kennslu í veikstraums-
greinum, en það má ekki verða á kostnað þess sem fyrir er."

4. Skólameistari taldi eðlilegt að hugað væri að útskrift
nemenda af tveggja ára brautum umfram það sem nú er,
svo sem viðskiptabraut, enda þótt nemendur haldi áfram námi
til stúdentsprófs, sbr. námsvísi. Var honum falin frekari athug-
un málsins.

5. Önnur mál:

A. Menntamálaráðuneyti hefur lagt til að þátttökugjald
nemenda í öldungadeild á haustönn verði kr. 1.800.-.

B. Þá hefur ráðuneytið heimilað Fjölbrautaskóla Suður-
nesja að halda uppi námi í tækniteiknun og brautskrá tækni-
teiknara. Kennt skal samkvæmt ákvæðum námsskrár fyrir tækni-
teiknara, og skal tengja kennsluna öðrum námsáföngum eins og
frekast er unnt.

C. Skólameistari lagði fram greinargerð frá Sambandi iðn-
fræðsluskóla um skólagjöld þau, sem greidd eru vegna nemenda
af iðnfræðsluskólum og renna til sambandsins. Menntamálaráðu-
neytið hafði áður gert athugasemd við þennan gjaldalið skólans
í ársreikningi 1983. Gjöld þessi eru skv. skýrslunni notuð til
styrktar útgáfu námsgagna í iðngreinum.

D. Bréf frá bæjarstjórn Njarðvíkur varðandi 5. lið g fundar-
gerðar F.S. frá 5. apríl sl., þar sem segir:

"Bæjarstjórn Njarðvíkur fellst ekki á tillögu um greiðslu launa
till kennara fyrir setu á skólanefndarfundum F.S., og mótmælir
því fordæmi, sem þar kemur fram".

E. Helgi Eiríksson, kennari, sendi skólanefnd skýrslu
um þann þátt "starfsdaga" í vetur sl. sem kallaður var "lista-
skemma", og byggði á að gefa nemendum "kost á að fá útrás fyrir
sköpunargáfu sína". Meðal annara verkefna þá varð til veggmynd
á gafl mötuneytis nemenda, sem þeir gerðu með aðstoð fyrrverandi
nemenda hér, en sem studa nú nám við Handíða- og myndlistar-
skóla Íslands. Skólanefndarmenn skoðuðu verkið, og þótti það
hafa tekist vel.

F. Með vísun til umræðna skólanefndar um undirbúning tölvu-
vers á vegum skólanna á Suðurnesjum og aðila vinnumarkaðarins,
hefur skólameistara borist samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur
frá 15. maí sl., svohljóðandi:

"Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkir ekki fyrir sitt leyti að ráðinn verði deildarstjóri að tölvuveri og að tölvuver verði opnað í upphafi næsta skólaárs. Til þess þarf mun meiri umræðu um alla framkvæmd og kostnað, til að hægt sé að taka slíka ákvörðun."

Dreifibréf frá menntamálaráðuneyti dags. 22. maí sl. um tölvur handa framhaldsskólum, hefur hins vegar borist til skólans, og er þar upplýst að fyrir tilstilli þess hafi þegar farið fram útboð á vegum Innkaupastofnunar ríkisins vegna tölvubúnaðar, til þess að ná eins hagstæðum kjörum og unnt er, með sameiginlegum innkaupum, og miðar að því að innan þriggja ára hafi allir framhaldsskólar nægan tækjabúnað til kennslu í tölvufræðum. Óskað er eftir að Fjölbrautaskóli Suðurnesja láti vita hið fyrsta hvort um þátttöku hans verður að ræða. Þá lagði skólameistari fram álitssgerðir varðandi nauðsyn tölvufræðslu frá Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenskra iðnrekenda og Iðnfræðsluráði. Skólameistari hefur þegar skrifað bæjarstjórn bréf og bent á að framangreind samþykkt geti reynst skólanum skaðleg. Hefur hann því óskað viðtals við bæjarráð hið fyrsta um málið þar sem skila þarf menntamálaráðuneytinu miðjan þennan mánuð fjárlagatillögum skólans fyrir árið 1985. Skólanefnd var samþykk álit skólameistara.

G. Skólameistari lagði fram ljósrit af bréfum vegna tveggja kennara skólans, sem e.t.v. verða tekin á dagskrá síðar, en skólanefnd var samþykk afstöðu skólameistara gagnvart þeim.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.